



Golfklúbburinn Dalbúi

**6. stjórnarfundur starfsársins 2018 haldinn að Bæjargili 109, Garðabæ, 21. nóv. 2018.
Fundur hófst kl. 17:00.**

Mætt: Bryndís Scheving form., Böðvar Schram,
Ásbjörn Sigurbjörnsson, Eiríkur Þorláksson,
Hafsteinn Daníelsson.

Forföll boðuð: Ragnhildur Bender (varam.)

1. Fundargerðir 5. fundar stjórnar:

Liggur ekki fyrir í endanlegri gerð, staðfestingu frestað.

2. Kynninga á könnun meðal notenda vallarins í sumar:

Formaður kynnti stjórn niðurstöður könnunar meðal notenda vallarins í sumar, sem var gerð með nokkuð skipulegum hætti á þremur tímabilum yfir sumarið. Voru svörin í fyrstu umferð m.a. notuð til leiðbeiningar um hvað mætti betur fara við umhirðu vallarins. Niðurstöðurnar sýna vaxandi ánægju með ástand vallarins eftir því sem leið á sumarið, og er það í samræmi við reynslu félagsmanna sjálfra.

Samþykkt að kynna niðurstöður könnunarinnar sem hluta af ársskýrslu formanns á aðalfundi.

3. Undirbúningur aðalfundar:

Aðalfundur golfklúbbsins Dalbúa fyrir starfsárið 2017-2018 verður haldinn fimmtudaginn 29. nóvember n.k. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík

Drög að skýrslu formanns liggja fyrir, sem og skýrslur vallarnefndar og mótanefndar.

Ársreikningur klúbbsins fyrir starfsárið liggur einnig fyrir. Gjaldkeri lýsti helstu niðurstöðum hans. Ber þar hæst að almennur rekstur hefur skilað rúmlega 750 þús.kr. afgangi, en að teknu tilliti til afskrifta véla, tækja og áhalda er tap af rekstri klúbbsins á árinu um 170 þús.kr. Skuld við Grafú hefur verið greidd niður í samræmi við samkomulag þar að lútandi, og klúbburinn á um 700 þús.kr. í handbært fé til undirbúnings starfsemi næsta árs.

Ekki hafa borist neinar tillögur um breytingar á lögum félagsins, né aðrar formlegar tillögur sem stjórn bæri að leggja fyrir aðalfund.

Á aðalfundi þarf að kjósa formann árlega, og mun Bryndís Scheving bjóða sig fram til endurkjörs.

Einnig þarf að kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára, og bjóðast báðir þeir stjórnarmenn sem eiga að ganga úr stjórn (Eiríkur Þorláksson og Ásbjörn Sigurbjörnsson) til að sitja annað tveggja ára kjörtímabil.

Þá þarf að staðfesta kjör Böðvars Schram til eins árs, og kjósa annan stjórnarmann, einnig til eins árs, til að stjórn verði fullskipuð. Hafsteinn Daníelsson mun bjóða sig fram í hið óskipaða sæti.

Loks þarf að kjósa tvo varamenn í stjórn til eins árs, sem og einn skoðunarmann reikninga og annan til vara; ekki liggja fyrir tillögur um varamenn, og er reiknað með að slíkar tillögur komi fram á aðalfundinum sjálfum. Mælt er með að skoðunarmenn verði endurkjörnir.

Samþykkt að leitað verði til Sæmundar Árnasonar um að taka að sér fundarstjórn á aðalfundi, en hann hefur stýrt aðalfundum golfklúbbsins frá upphafi.

4. Verkefni fyrir næsta ár:

A. Um breytingar á velli:

Samþykkt að stefna að stækkun flatar á 9. braut og sameiningu flata 4. og 7. brauta í samræmi við fyrirliggjandi hugmyndir.

Einnig samþykkt að stefna að breytingum á 1. braut, þannig að brekkan (milli 1. og 9. brauta) verði slegin sem braut, og að byggður verði nýr teigur framan við núverandi gulan teig til að þeir sem slá upphafshögg af rauðum teig geti einni nýtt breytinguna á brautinni.

- Unnið verði að undirbúningi á báðum þessum breytingum í vetur, og að stefnt verði að því að hægt verði að taka þær í notkun á næsta sumri.

B. Vélakaup:

Samþykkt að stefnt skuli að því að kaupa nýja/notaða karga-sláttuvél fyrir sumarið, og taka lán til slíkra vélakaupa ef til þarf. Umsjónaraðilar vallarins í sumar verði hafðir með í ráðum og mögulega annist slík vélakaup fyrir hönd klúbbsins.

5. Önnur mál:

- Árgjöld 2019: Lagt til og samþykkt samhljóða að hafa árgjöld óbreytt á næsta ári.
- Formannafundur GSÍ: Ekki ljóst hvort að nokkur fulltrúi stjórnar klúbbsins mun geta sótt formannafundur GSÍ, sem verður haldinn 24. nóvember n.k.
- Nýting golfskálans í vetur: Lionsmenn á Laugarvatni hafa þegar fundað einu sinni í skálanum í haust, og lýst ánægju með fundaraðstöðuna. Stjórn samþykkti að ekki yrði óskað eftir greiðslu leigu, en mögulega leitað eftir að Lionsmenn geti útvegað vinninga í einhver af golfmótum klúbbsins á næsta sumri.
-

Fleiri mál ekki tekin til afgreiðslu, og formlegum fundi slitið kl. 18:30.

Næsti fundur stjórnar ekki ákveðinn.

Eiríkur Þorláksson ritaði fundargerð.